

Dreifibréf

 Reykjavík, 25. maí 2020
 Tilvísun: OS2020020128/10.5
 Verknúmer: 4353250

Efni: Ákvörðun um val á söluaðila til þrautavara

Orkustofnun hefur það hlutverk samkvæmt 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 að velja söluaðila til þrautavara í samræmi við leiðbeiningar sem stofnunin setur á grundvelli reglugerðarinnar.

Lægsta birta verð raforkusala þann 13. maí 2020 var hjá raforkusölufyrirtækinu Íslenskri orkumiðlun krónur 7,15 kWst. samkvæmt meðfylgjandi töflu¹:

Raforkusali ^①	Verð (kWst)
 Íslensk Orkumiðlun	7,15 kr.
 Orka heimilanna	7,30 kr.
 Orkubú Vestfjarða	7,50 kr.
 Rafveita Reyðarfjarðar	7,80 kr.
 Orka nátturunnar	8,10 kr.
 Fallorka	8,11 kr.
 HS Orka	8,11 kr.
 Orkusalan	8,18 kr.

Uppfært: 13. maí 2020 Verð með 24% vsk.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 tilkynnist hér með að raforkusali til þrautavara á tímabilinu 1. júní 2020 til 31. október 2020 er Íslensk orkumiðlun.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

¹https://aurbjorg.is/?gclid=EA1aIQobChMIp5yu0eCz6QIVBap3Ch3WJAWmEAAAYASAAEgIr6_D_BwE#/rafmagn

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Guðmundur I Bergþórsson


Hanna Björg Konráðsdóttir

Fylgiskjöl:

Leiðbeiningar Orkustofnunar um val á söluaðila til þrautavara.